

Starfsleyfi

Löður ehf.

kt: 580912 - 0280

Leyfi til að starfrækja:

Sjálfvirka bón- og bílaþvottastöð

Aðsetur starfseminnar:

Lækjargata 46, Hafnarfjörður

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir umbeðið leyfi samkvæmt grein 6 í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Leyfið gildir frá 2. febrúar 2015 til 1. febrúar 2027

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnir hverju sinni sé fylgt.

Gildissvið

Leyfið tekur til reksturs sjálfvirkar bón- og bílaþvottastöðvar sbr. tl. 7.12 í fylgiskjali 2 við reglugerð nr. 785/1999, með síðari breytingum, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og ákvæði 6. kafla reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Almennar kröfur

Við reksturinn ber að fylgja ákvæðum sem fram koma í:

- IV. kafla reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 um húsnæði og lóðir,
- III. kafla reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, þar sem fjallað er um að draga úr myndun alls úrgangs, meðferð, geymslu og flutning hans í söfnunar- og móttökustöðvar til förgunar ásamt þrifnað lóðar,
- Almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000.

Kröfur er varða mengunarvarnir

- Uppfylla ber ákvæði reglugerðar um hávaða nr. 724/2008,
- Fylgja ber ákvæðum er varða mengunarvarnir sem fram koma í samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir sjálfvirkar bón- og bílaþvottastöðvar útg. 1/2003 sbr. *Fylgiskjal 1*.

Eftirlit

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum IV. kafla reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Heilbrigðisnefnd getur endurskoðað starfsleyfisskilyrðin ef í ljós koma annmarkar á framkvæmd þeirra eða skaðleg áhrif á umhverfi sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiðir til bættra mengunarvarna. Starfsleyfið er bundið kennitölu og ofangreindu aðsetri starfseminnar. Við flutning fyrirtækisins fellur leyfið úr gildi. Rekstraraðila ber að veita heilbrigðisnefnd upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfsemi sem varðað geta ákvæði starfsleyfis með hæfilegum fyrirvara. Taki nýr rekstraraðili við starfseminni er heimilt að fenginni umsókn, að færa starfsleyfið á nýjan rekstraraðila enda verði engin önnur breyting á starfseminni.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Gardabær, 20. nóvember 2015.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Guðmundur H. Einarsson
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um
starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum.*

Starfsleyfisskilyrði fyrir sjálfvirkar bón- og bílaþvottastöðvar

Útg. 1.2003

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin ná yfir rekstur sjálfvirkra bón- og bílaþvottastöðva.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd setur ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja.
- 1.3 Ef fyrirtækið er með annan starfsleyfisskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

2. Ásýnd lóðar og lóðarmörk

- 2.1 Fyrirtækið skal haga nýtingu lóðar í samræmi við samþykkt skipulag. Virða skal lóðamörk og ekki geyma hluti á öðrum svæðum en fyrirtækið hefur til afnota.
- 2.2 Ílátum undir úrgang skal haldið heilum og þrífalegum.

3. Mengunarvarnir í fráveitu

- 3.1 Óheimilt er að losa hættuleg efni og spilliefni í fráveitu.
- 3.2 Hafa skal olíugildru á fráveitulögn frá niðurföllum þar sem þríf bifreiða fara fram og annars staðar þar sem hætta er á að hreinsiefni geti borist í þau. Stærð, gerð og staðsetning gildru skal ákveðin í samráði við heilbrigðiseftirlit og byggingafulltrúa.
- 3.3 Halda skal notkun olíuhreinsiefna í lágmarki. Til hreinsunar á bifreiðum og gólfum skal nota sápuefni og/eða olíuhreinsa sem hæfa olíugildrum.
- 3.4 Hafa skal reglubundið eftirlit með olíugildru og láta viðurkenndan aðila annast tæmingar.
- 3.5 Ekki er heimilt að úða tjöruhreinsi eða öðrum hreinsiefnum við aðstæður þar sem það veldur mengun eða óþægindum í umhverfi.
- 3.6 Komið skal í veg fyrir að afsog frá leysiefna- og öðrum lyktaruppsprettum valdi skaða eða óþægindum.

4. Geymsla á hreinsiefnum

- 4.1 Ílát undir þvottaefni, tjöruhreinsi og aðra efnavöru skal staðsetja í þróm eða lekabyttum innandyrna eða tryggja á annan hátt að innihaldið berist ekki í niðurföll eða út í umhverfið.

5. Spilliefni og annar úrgangur

- 5.1 Farið skal eftir ákvæðum mengunarvarnareglugerða varðandi meðhöndlun og skil á spilliefnum eins og þau eru á hverjum tíma.
- 5.2 Flokka skal annan úrgang sem til fellur eins og reglugerðir kveða á um á hverjum tíma.

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Garðabær, 20. nóvember 2015

Eva S. Jónsdóttir
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS